

**Nd.** **979. Frumvarp til laga** [415. mál]  
um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. apríl.)

**I. KAFLI**

**Um skiptaverðmæti sjávarafla.**

**1. gr.**

Þegar afli fiskiskips er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 70% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann.

**2. gr.**

Þegar fiskiskip siglir með ísfisk til sölu í erlendri höfn er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta, aflaverðlauna og aukaafleverðlauna 64% af því heildarverðmæti (brúttósöluverðmæti) sem útgerðin fær fyrir hann. Þetta hlutfall skal þó vera 70% þegar fiski er landað til bræðslu erlendis.

**3. gr.**

Þegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði er skiptaverðmæti aflans 60% af því heildarverðmæti (brúttósöluverðmæti) sem útgerðin fær fyrir hann. Þetta hlutfall skal þó vera 52% af söluverðmæti kola.

**4. gr.**

Þegar afli fiskiskips, sem unninn er og frystur um borð, er seldur er skiptaverðmætið 70% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta hlutfall skal þó vera 64,5% af cif-verðmæti sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

## II. KAFLI

### Um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

#### 5. gr.

Þegar framleiðandi sjávarafurða veðsetur framleiðslu sína við töku afurðaláns hjá viðskiptabanka eða öðrum lánveitanda skal hann greiða minnst 15%, sbr. 7. gr., af samanlögðu hráfnisverði hvers skips, sem lagði hráefni til vinnslunnar, inn á sérstaka bankareikninga. Veðsetji framleiðandi eða annar fiskkaupandi ekki fiskafurðir sínar skal hann eigi að síður inna þessa greiðslu af hendi innan fjórtán daga frá því fiskurinn var afhentur.

Viðskiptabanki útvegsmanns skal við gjaldeyrissskil leggja minnst 15% af brúttósöluverðmæti ísfisks, sem seldur er í erlendri höfn, sbr. 2. og 3. gr., inn á sams konar bankareikninga.

Sama greiðsluskylda og að framan greinir hvílir á útvegsmönnum veiðiskipa sem vinna og frysta afla um borð, og miðast þá 15%-greiðslan við skilaverðmæti framleiðslunnar og fellur í gjalddaga við gjaldeyrissskil.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til opinna báta og þilfarsbáta undir 10 lestum, sbr. 6. gr.

#### 6. gr.

Framleiðendur sjávarafurða og aðrir fiskkaupendur skulu greiða 10% af samanlögðu hráfnisverði þess afla, sem þeir taka við af opnum bátum og þilfarsbátum undir 10 lestum, inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning smábáta hjá Stofnfjár sjóði fiskiskipa eftir sömu reglum og greinir í 5. gr., eftir því sem við getur átt.

#### 7. gr.

Fé því, sem haldið er eftir skv. 5. gr., skal miðla á þennan hátt:

1. 7% af hráfnisverði greiðist inn á stofnfjár sjóðsreikning skipsins hjá Fiskveiðasjóði Íslands, sbr. lög nr. 4/1976, með síðari breytingum. Semji Fiskveiðasjóður Íslands og útgerðarmaður um hærri greiðslu inn á stofnfjár sjóðsreikning skal greiðslan við það miðuð enda sé þá haldið eftir meira fé en 15%, sbr. 5. gr.
2. 6% af hráfnisverði greiðist inn á váttryggingarreikning skipsins hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sbr. lög nr. 17/1976.
3. 2% af hráfnisverði greiðist inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa hjá Stofnfjár sjóði fiskiskipa.

#### 8. gr.

Fé því, sem safnast á greiðslumiðlunarreikning smábáta skv. 6. gr., skal skipta mánaðarlega og færa til tekna á bankareikninga í þessum hlutföllum:

1. Til lífeyrissjóða sjómanna .....	48%
2. Til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu skipverja, sams konar þeim sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, þar á meðal vegna grásleppuveiða, svo og af váttryggingu báts, og eiga þessi ákvæði við allar veiðar smábáta, einnig við grásleppuveiðar, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur .....	47%
3. Til Landssambands smábátaeigenda, þar með vegna grásleppuveiða . . . .	5%

#### 9. gr.

Fé því, sem safnast á greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa skv. 3. tölul. 7. gr., skal skipta mánaðarlega og færa til tekna á bankareikninga í þessum hlutföllum:

1. Til lífeyrissjóða sjómanna .....	92,0%
2. Til Sjómannasambands Íslands og sjómanna innan Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða .....	2,4%
3. Til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands .....	1,6%
4. Til Landssambands íslenskra útvegsmanna .....	4,0%

10. gr.

Lífeyrissjóður sjómanna skal hafa yfirumsjón með því að fé, sem inn kemur skv. 1. tölul. 8. gr. og 1. tölul. 9. gr., sé skipt og greitt inn á reikning hvers skips til hlutaðeigandi lífeyrissjóða í hlutfalli við iðgjaldsskyldan aflahlut skipverja.

11. gr.

Þeim viðskiptabönkum eða öðrum, sem halda eftir fé útvegsmanna skv. lögum þessum, er skylt að senda þeim viðurkenningar fyrir móttöku fjárens án tafar. Stofnfjár sjóði fiskiskipa er skylt að senda þeim samtökum og sjóðum, sem tilgreind eru í 8. og 9. gr., mánaðarlegt yfirlit yfir allar innborganir á greiðslumiðlunarreikninga og skiptingu þeirra.

Lögtaksréttur fylgir kröfu vegna hlutdeildar af hráefnisverði, sbr. 5. og 6. gr. laga þessara. Sé greiðsla ekki innt af hendi innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af vangreiddri fjárhæð.

III. KAFLI

**Um breytingu á lögum nr. 4 13. febr. 1976, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa.**

12. gr.

3. og 4. gr. laga nr. 4/1976 falli niður.

5. gr. þeirra laga orðast svo:

Hvert fiskiskip skal hafa sérreikning hjá sjóðnum. Inn á reikning þennan renna greiðslur skv. 1. tölul. 7. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Sé innstæða á slíkum reikningi lengur en hálfan mánuð skal Fiskveiðisjóður færa á reikninginn til tekna vexti sem séu jafnháir hæstu lögleyfðu fasteignaveðlánavöxtum.

IV. KAFLI

**Um breytingu á lögum nr. 17 19. mars 1976, um greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa.**

13. gr.

1. gr. laga nr. 17/1976 falli niður.

1. mgr. 2. gr. orðast svo:

Viðskiptabanki útvegsmanns skal skila því fé, sem greiða skal á reikning hvers fiskiskips skv. 2. tölul. 7. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, inn á reikning Landssambands ísl. útvegsmanna hjá viðkomandi banka til greiðslu iðgjalda af váttryggingu skipsins.

V. KAFLI

**Um ráðstöfun endurgreiðslu á söluskatti til sjávarútvegs árið 1986.**

14. gr.

*Um framlag til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 1. janúar til 15. maí 1986.*

1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða III laga nr. 113 31. des. 1985, um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, orðast svo:

Auk tekna skv. 9. gr., 16. gr., 22. gr. og 27. gr. skulu deildir sjóðsins árið 1986 hafa tekjur af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs að fjárhæð 225 milljónir króna sem stjórn sjóðsins ráðstafar til þess að ljúka skuldbindingum hans.

15. gr.

*Um endurgreiðslu söluskatts til fiskvinnslufyrirtækja og framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands frá 15. maí til 31. desember 1986.*

Eftir 15. maí 1986 skal verja eftirstöðvum fjárveitingar til endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs, 375 m. kr., sem hér segir:

- a. Til fiskvinnslufyrirtækja í hlutfalli við áætlaða uppsöfnun söluskatts til hverrar vinnslugreinar en í hlutfalli við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu til hvers fyrirtækis innan greinar eftir reglum sem sjávarútvegsráðherra setur í samráði við samtök fiskvinnslufyrirtækja. Heimilt er að verja hluta af þessu fé til greiðslu árgjalda til Útflutningsráðs Íslands með samþykki hlutaðeigandi fiskvinnslufyrirtækja ..... 305 m. kr.
- b. Til Fiskveiðasjóðs Íslands til ráðstöfunar í þágu útgerðar eftir reglum sem sjávarútvegsráðherra setur ..... 70 m. kr.

VI. KAFLI

**Um reglugerð og gildistöku.**

16. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga, þar með um innheimtu skv. II. kafla, yfirlit yfir greiðslumiðlun og um endurskoðun og eftirlit með greiðslum sem Fiskveiðasjóður Íslands skal annast fyrir hönd Stofnfjár sjóðs fiskiskipa og samtaka sjómanna og útvegsmanna.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til fiskafla og sjávarafurðaframleiðslu frá og með 15. maí 1986. Jafnframt falla úr gildi hinn 15. maí 1986 lög nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum, lög nr. 43/1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, sbr. lög nr. 79/1984, lög nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, og lög um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar. Þá er sjávarútvegsráðherra heimilt að fella niður útflutningsgjald af fóðurlýsi sem framleitt er og/eða flutt út frá ársbyrjun 1986 til 15. maí 1986. Enn fremur skal ekki innheimta útflutningsgjald af þeirri skreið sem flutt er út eftir 1. janúar 1986 en framleidd var fyrir 31. desember 1984.

Þótt lög nr. 52/1983 og lög nr. 43/1982 falli úr gildi 15. maí 1986 skal greiða útflutningsgjöld skv. þeim af gjaldskyldum sjávarafurðum sem framleiddar eru fyrir en fluttar út eða greiddar eftir þann dag. Því fé, sem inn kemur af útflutningsgjöldum af þessari vöru eftir 14. maí 1986, skal ráðstafa skv. ákvæðum laga nr. 52/1983 og nr. 43/1982. Til þess að auðvelda framkvæmd ákvæða þessarar mgr. skulu allir framleiðendur sjávarafurða skyldir að senda Fiskifélagi Íslands sérstakt yfirlit yfir birgðir sjávarafurða miðað við 14. maí 1986.

Þegar lög nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, ganga úr gildi lýkur jafnframt starfsemi Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa sem hafa haft tekjur af þeim.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

**I**

Fyrir tímabilið 15. maí til 31. maí 1986 skal Verðlagsráð sjávarútvegsins birta nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla í tvennu lagi:

1. HRÁEFNISVERÐ sem skal vera 58% hærra en það verð sem gilt hefði að óbreyttu í maíbyrjun 1986 að meðtöldum helmingi verðuppbóta úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs.
2. SKIPTAVERÐ sem er 70% af hráefnisverði skv. 1. tölul. þessa ákvæðis.

## II

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávaraflla á grundvelli þessara laga er taki gildi hinn 1. júní 1986. Hið nýja fiskverð skal birta þannig að skýrt komi fram:

1. HRÁEFNISVERÐ. Í því felist allar greiðslur fiskverkenda til þeirra sem afla hráefnis.
2. SKIPTAVERÐ sem skv. 1. gr. þessara laga er 70% af hráefnisverði, sbr. 1. tölul. þessa ákvæðis.

## III

Eignum Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingar-sjóðs fiskiskipa hinn 14. maí 1986 skal ráðstafa sem hér segir:

- a. Til þess að ljúka skuldbindingum sjóðanna þriggja fram til 14. maí 1986 þegar starfsemi þeirra lýkur, sbr. 17. gr.
- b. Þær eignir Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 51/1983, með síðari breytingum, er lokið, skulu renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.
- c. Af eignum Tryggingasjóðs fiskiskipa, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, og reglum settum skv. þeim er lokið, skal verja 12 milljónum króna til öryggismála og björgunaræfinga sjómanna á fiskiskipum í samráði við öryggismálanefnd sjómanna og samtök sjómanna og útvegsmanna, 12 milljónum króna til undirbúnings byggingar sjávarútvegshúss í Reykjavík, skv. tillögum byggingarnefndar hússins er sjávarútvegsráðherra skipar fyrir árslok 1986, og 3 milljónum króna til Landssambands smábátæigenda, m.a. til að ljúka skuldbindingum Samtaka grásleppuhrognaverkenda við Landsbanka Íslands, sbr. lög nr. 79/1984. Eftirstöðvar eigna Tryggingasjóðs skulu renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.
- d. Af eignum Úreldingarsjóðs fiskiskipa, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, er lokið, skal verja 8 milljónum króna til varðveislu sjóminja og sjávardýra að fengnum tillögum þjóðminjavarðar og 4 milljónir króna skulu renna til Fiskimálasjóðs til að styrkja rannsóknar- og tilraunastarfsemi í sjávarútvegi á þessu ári. Eftirstöðvar eigna Úreldingarsjóðs fiskiskipa skulu varðveittar á bankareikningum og í skuldabréfum með bestu kjörum þar til sett hafa verið ný lög um starfsemi hans og ákvæði um Aldurslagasjóð fiskiskipa í II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, hafa verið endurskoðuð.
- e. Sjávarútvegsráðherra staðfestir lokauppgjör Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa.